

Fundargerð 540

Fimmtudaginn 29. ágúst 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Þekkingarsetrinu í Vestmannaeyjum. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlíð 3), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlíð 3), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

6. mánaða uppgjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
 - Greining á eigin fé og lausu fé - til kynningar
- Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar
- Aflamark Byggðastofnunar, val á samningsaðilum - til afgreiðslu
- Vextir og lántökugjöld Byggðastofnunar - til afgreiðslu
- Lánamál - til kynningar
- Óstaðbundin störf - til afgreiðslu
- Aukið fjármagn til eflingar byggða - til umræðu
- Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
- Staðsetning, tímasetning og fundarefni ársfundar - til afgreiðslu
- Önnur mál
- Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. 6 mánaða uppgjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur 6 mánaða uppgjör stofnunarinnar vegna ársins 2024, yfirlit yfir almennan rekstur auk minnisblaðs forstöðumanns rekstrarsviðs sem MH fór yfir

Afkoma var jákvæð um 1.090 m.kr. í lok júní, eignir námu 28,3 ma.kr., skuldir 22,6 ma.kr. og eigið fé var 5,8 ma.kr. í lok júní. Eiginfjárhlutfall var 24,64%. Könnunaráritun endurskoðanda er með fyrirvara sem snýr að afskriftarreikning útlána.

Til máls tóku MaH og ÓH.

Formaður bar 6 mánaða uppgjör stofnunarinnar upp til afgreiðslu og var það samþykkt samhljóða og sent í rafræna undirritun.

a. Greining á eigin fé og lausu fé – til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs sem MH og HP kynntu.

Til máls tóku HKH, KB, ÓH og GHM.

2. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs sem HP, MH og HÁ kynntu. Stofnunin er innan allra áhættumælikvarða sem settir eru í áhættustefnu.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME.

3. Aflamark Byggðastofnunar, val á samningsaðilum - til afgreiðslu

SÁ og RR tengdust fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Fyrir fundinum liggja minnisblöð RR og forstöðumanns lögfræðisviðs þar sem svarað er ýmsum fyrirspurnum sem stofnuninni hafa borist vegna aflamarks Byggðastofnunar á Bakkafirði auk ýmissa fylgigagna. Þá voru kynnt fyrir stjórn viðbótargögn frá fyrirspyrjanda sem bárust daginn fyrir fund.

Að auki var lagt fram minnisblað SÁ og RR um úthlutun á aflamarki Byggðastofnunar á Bakkafirði. Á fundi stjórnar Byggðastofnunar 10. maí sl. samþykkti stjórn tillögu Aflamarksnefndar um val á byggðalögum til úthlutunar Aflamarks Byggðastofnunar til næstu ára. Í kjölfarið var auglýst eftir samstarfsaðilum um nýtingu á þessum stöðum. Nú þegar hefur stjórn samþykkt tillögu Aflamarksnefndar um val á samningsaðilum í öllum þessum byggðalögum að Bakkafirði, Grímsey og Borgarfirði eystri undanskildum. Enn er ekki tímabært að leggja fyrir stjórn tillögu að úthlutun vegna Grímseyjar og Borgarfjarðar eystri þar sem umbeðin gögn og viðbótar upplýsingar liggja ekki fyrir og eru því ekki til afgreiðslu nú.

Bakkafjörður

Aflamarksnefnd Byggðastofnunar samþykkti á fundi sínum 14. júní 2024 að leggja til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Bjargið ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 300 þorskígildistonnnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Lagt var til að umsókn GPG Seafood ehf. verði hafnað.

Með bréfi dagsettu 14. júní 2024 var óskað eftir samráði Langanesbyggðar um ofangreinda tillögu. Á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 24. júní 2024 var eftirfarandi bókun samþykkt og send Byggðastofnun: „*Langanesbyggð telur að meginmarkmiðið með úthlutun sé að auka stöðugleika og bæta rekstrarskilyrði fyrir uppbyggingu vinnslu á sjávarfangi á Bakkafirði og störfum fjölgi og þess vegna mælist Langanesbyggð til þess við Byggðastofnun að horfa til beggja vinnsla þegar úthlutað er.*“

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk HÁ og AME.

Stjórn hefur yfirfarið málgögn varðandi úthlutun aflamarks Byggðastofnunar fyrir Bakkafjörð, að loknu lögbundnu samráði við sveitarstjórn Langanesbyggðar. Fyrir liggur mat sérfræðinga stofnunarinnar á þeim gögnum sem fyrir liggja, mögulegum álitamálum og stjórnsýslu. Með vísan til þessa staðfestir stjórn tillögu aflamarksnefndar sem liggur fyrir fundinum og felur forstjóra að ganga til samninga við Bjargið ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 300 þorskígildistonnnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu 6 fiskveiðiára. Umsókn GPG Seafood ehf. er hafnað.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

RR og SÁ upplýstu um stöðu umsókna um aflamark Byggðastofnunar í Grímsey og Borgarfirði eystra.

SÁ og RR viku af fundi.

4. Vextir og lántökugjöld Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs varðandi vexti á útlánum stofnunarinnar.

Lagt er til að vextir stofnunarinnar verði óbreyttir en að lántökugjald lækki og verði 1,2% í öllum lánaflokkum að undanskildum lánum til viðkvæmra byggðarlaga þar sem gjaldið verður 0,5%. Lagt er til að þessi breyting taki gildi 1. september 2024.

Til máls tóku ÓH, KB og AME,

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

5. Lánamál - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 24/24-31/24 sem HP reifaði.

6. Óstaðbundin störf - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um tillögur um útfærslu ramma og verklags til að hækka hlutfall óstaðbundinna starfa og hlutfall starfsstöðva í landsbyggðunum í framhaldi af bókun stjórnar 6. júní sl. sem SEP kynnti.

Til máls tóku ÓH, GHM, HB, KB,

Stjórn fór yfir fyrirbyggjandi minnisblað um eflingu á óstaðbundnum störfum í byggðum landsins. Stjórn lýsir yfir miklum áhuga á að ýta úr vör þessu verkefni sem ætlað er að fjölga óstaðbundnum störfum í landsbyggðunum. Fyrir liggur yfirlýsing ríkisstjórnar frá 28. ágúst 2024 um sama málefni. Með vísan til þessa er forstjóra falið að hafa samráð við innviðaráðuneyti um útfærslu verkefnisins á þeim grunni sem fyrir liggur. Stefnt verði að því að koma verkefninu til framkvæmdar í haust.

7. Aukið fjármagn til eflingar byggða - til umræðu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um aukið fjármagn til eflingar byggðar sem AME kynnti.

Verkefni sem hægt væri að fara í eru:

1. Fjármögnun Byggðastofnunar á uppbyggingu atvinnuhúsnæðis þar sem slíkt svarar ekki markaðslögmálum
2. Aukið fjármagn til eflingar eignarhaldsfélaga í landsbyggðunum
3. Aukið fjármagn til eflingar verkefninu Brothættar byggðir
4. Ívilnandi lánaflokkur til stuðnings sauðfjárþæmdum á viðkvæmum svæðum

Til máls tóku ÓH, KB, AME, GHM og HB.

Stjórnarformaður lagði fram eftirfarandi tillögu:

Stjórn samþykkir að setja af stað nýtt tímabundið átaksverkefni sem miði að því að hvetja til uppbyggingar atvinnuhúsnæðis þar sem aðstæður á húsnæðismarkaði hamla uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og þar með framþróun atvinnulífs. Forstjóra er falið að láta útfæra leiðir þar sem Byggðastofnun kemur með beinum hætti að fjármögnun atvinnuhúsnæðis. Skoðaðir verði valkostir á útfærslur þessa sem og viðmiðunarreglur um staðarval eða skilyrði slíkrar aðkomu stofnunarinnar og það lagt fyrir næsta fund stjórnar. Horft verði til byggðarlaga og/eða atvinnusvæða þar sem vöntun á fjárfestingu atvinnuhúsnæðis hefur hamlað framþróun samfélaga. Stefnt verði að því að ákvörðun geti legið fyrir að hausti og verkefnið komist til framkvæmdar á fyrri hluta árs 2025.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn samþykkir einnig tillögu forstjóra að skoða útfærslu á að setja aukið fjármagn í verkefnið Brothættar byggðir og felur forstjóra að koma með tillögu að útfærslu á næsta fundi stjórnar.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar til kynningar.

SEÞ upplýsti um tillögu sem lögð hafði verið fyrir háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra um svæði sem hægt væri að greiða niður námslán námsmanna.

9. Staðsetning, tímasetning og fundarefni ársfundar - til afgreiðslu

AME kynnti tillögu um að halda ársfund stofnunarinnar í Breiðdalsvík 8. maí 2025.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 26. september nk. á Suðureyri. Næsti fundur þar á eftir verði 24. október á Stöðvarfirði.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:13

Magnús Helgason, fundarritari.

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir